

Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja- Heklan.

6. fundur

Þann 2. september árið 2011, klukkan 11:30 er fundur haldinn í stjórn Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja, fundarstaður er skrifstofa Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, lðavöllum 12b, 230 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Árni Sigfússon, Ásmundur Friðriksson, Eirný Vals, Róbert Ragnarsson, Róbert Ragnarsson, Gunnar Ellert Geirsson, Kjartan Eiríksson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Eftirfarandi boðaði forföll: Sigrún Árnadóttir.

Dagskrá fundarins.

1. Fréttatilkynning.
2. Hugmyndir um samþætta upplýsingagjöf til atvinnulausra.
3. Kynning á hugmyndum um rannsóknar- og þróunarstofu.
4. Álheimar.
5. Önnur mál.

1. mál. – Fréttatilkynning.

Lögð fram og samþykkt með breytingum.

2. mál.- Hugmyndir um samþætta upplýsingagjöf til atvinnulausra.

Framkvæmdastjóra falið að leita eftir samstarfi við Virkjun, Vinnumálastofnun og verkalýðsfélaga svo hægt sé að samþætta upplýsingagjöf til atvinnuleitanda og atvinnurekanda með það að markmiði að gera upplýsingakerfið skilvirkara.

3. mál.- Kynning á hugmyndum um rannsóknar- og þróunarstofu.

Lagt fram til upplýsinga.

4. mál. – Álheimar.

Lagt fram til upplýsinga.

5. mál. – Önnur mál

Framkvæmdastjóri og formaður sögðu frá fundi með Isavia varðandi málefni Markaðsstofu Suðurnesja.

Rætt var um hugmyndir um sameiginlegan fasteignagjaldagrunn vegna mögulegra stórverkefna.

Róbert sagði frá verkefnum sem er að fara að stað á Reykjanesi. Fyrirtækin Emerald og Geogreenhouse hafa sótt um lóð á Reykjanesi.

Sagt frá fundi sem Ross Dowling átti með bæjarstjórum og hagsmunaaðilum varðandi Jarðminnjagarð/Geopark og ferðaþjónustu sem gæti tengst honum.

Uppfærð drög af verk- og þjónustusamningi vegna þjónustu og samstarfs um húsaleigu í frumkvöðlasetrinu Eldey á Ásbrú lögð fram. Stjórnin samþykkir breytingar. Framkvæmdastjóri Kadeco sat hjá.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:07.